

Stigagjöf fyrir Hnappóþon 2010

Stig eru gefin út frá erfiðasta rauðpunkti á Hnappavöllum síðustu tvö ár. Ef klifrari hefur ekki klifrað á Hnappavöllum mun dómnefnd ákveða viðmiðunargráðu keppandans. Keppt er í tveggja manna liðum, svo það lið sem endar með flest stig vinnur stigakeppnina.

Grunnstig

- **1000 stig** fást fyrir að rauðpunkta leið af þeirri erfiðleikagráðu sem viðkomandi hefur rauðpunktað erfiðast á Hnappavöllum, á síðustu tveimur árum (dæmi: erfiðasta rauðpunkt hingað til: Janus, 5.10a. => 5.10a rauðpunkt gefur 1000 stig).
- **+50 auka stig** (1050) fást fyrir að rauðpunkta leið sem er einni erfiðleikagráðu erfiðar (dæmi: 1050 stig fyrir 5.10b rauðpunkt, 1100 stig 10.c rauðpunkt o.s.fv.)
- **-50 stig** dragast frá fyrir að rauðpunkta leið sem er einni erfiðleikagráðu léttari (dæmi: 950 stig fyrir 5.9 rauðpunkt, 900 fyrir 5.8 rauðpunkt o.s.fv.)
- viðmiðunargráða í dótaklifri og ofanvaði miðast við sömu gráðu og í sportklifurrauðpunkt

Bónusstig:

- **+145 stig** fyrir “beint af augum” (“on sight”)
- **+53 stig** fyrir flass.
- **-145 stig** fyrir klifur í ofanvaði (top-rope). Eingöngu ef klifrað er án þess að detta, annars eru engin stig veitt.
- **+145 stig** fyrir að klifra dótaleið.

Aðrar reglur

- Klifrað verður í nákvæmlega 12 klst og 12 mínútur.
- Hver klifrari má bara klifra hverja leið einu sinni.